

Upplýsingar eftir aðgerð vegna þvagleka

TVT

Togfrítt skeiðarband

Unnið af HP/júní 2018
HVEbæk1

HVE Akranesi
Sími 432 1000, fax 432 1001
www.hve.is

Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Akranesi
Sími 432 1000, fax 432 1001
www.hve.is

Blæðing

Það er eðlilegt að blæði lítillega frá leggöngum fyrstu vikurnar eftir aðgerð. Það er í lagi að nota bindi en ekki túrtappa. Forðastu böð/sund á þessum tíma. Það er í lagi að fara í sturtu og þvo þér eins og þú ert vön. Saumar hverfa að sjálfu sér á 5-8 vikum og leyfðu umbúðum að vera í a.m.k. 1 viku.

Hreyfing

Þú getur að mestu leyti lifað eðlilegu lífi. Forðastu að lyfta þungu og krefjandi íþróttir fyrstu tvær vikurnar. Forðastu einnig samlíf, hjólreiðar og reiðtúra í fjórar vikur.

Verkir

Það er eðlilegt að finna fyrir verkjum í neðri hluta kviðar í nokkra daga, meðalsterka fyrsta daginn og síðar léttari. Við verkjum getur þú tekið verkjalyf eftir þörfum, þau sem fast í apóteki án lyfseðils

Þvaglát

Fylgstu með þvaglátum fyrsta sólarhringinn. Tilfinningin getur breyst, bunan getur verið veikari og það getur tekið lengri tíma að tæma blöðruna. Merki um ófullnægjandi tæmingu:

- Verkir eða óþægindi yfir blöðrunni
- Lítið þvagmagn í einu

Hægðir

Forðastu hægðatregðu með því að borða fjölbreyttan og trefjaríkan mat. Reyndu líka að hreyfa þig og drekka nóg af vökva. Við mikilli hægðatregðu skaltu ráðfæra þig við starfsfólk í næsta apóteki um möguleika á hægðalyfjum sem gætu hentað þér.

Veikindaleyfi

Flestir eiga að geta sótt aftur vinnu u.þ.b. einni viku eftir aðgerð. Ef þörf er á

veikindavottorði eftir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Eftirfylgni

Eftirfylgni fer fram með símtali 2-3 vikum eftir aðgerð.

Sýking

Þú þarft að vera vakandi fyrir sýkingarmerkjum, það getur verið:

- Hiti yfir 38 gráður
- Versnandi verkur í kvið
- Illla lyktandi útferð eða mikil blæðing

Í slíkum tilfellum ertu beðin um að leita á kvennadeild HVE eða hringja í skiptiborð 432 1000 og fá samband við deildina.

Virka daga milli kl. 13-14 er hægt að hafa samband við hjúkrunarfræðing á dagdeild skurðdeildar í síma 432-1140. Ef minni háttar vandamál koma upp, ss. sviði við þvaglát án tæmingarvandamála er oftast best að hafa samband við heilsugæslu.

**Með ósk um góðan bata!
Starfsfólk Kvennadeildar
Heilbrigðisstofnunar Vesturlands**

